

Samþykktir fyrir Húsafriðunarfélag Bolungarvíkur

1.gr.

Félagið heitir **Húsafriðunarfélag Bolungarvíkur. Heimili þess er að Holtastíg 11 í Bolungarvík.**

2. gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla að verndun og uppbyggingu friðaðra húsa í Bolungarvík með því að kaupa friðuð hús, endurbyggja og koma á starfsemi í húsinn. Tilgangur félagsins er ekki að eiga og reka fasteignir, heldur eingöngu að vernda hús og koma þeim í rekstur annarra aðila.

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að afla fjármagns til framkvæmda með því að leita að almennum framlögum, styrkjum, sjálfboðavinnu og annari starfsemi til að fjármagna þær framkvæmdir sem félagið stendur í hverju sinni. Framkvæmdir ársins skulu ákvarðaðar af aðalfundi.

4. gr.

Félagsaðild er öllum einstaklingum opin sem eru 18 ára og eldri.

5. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins skuldlausir félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. ágúst ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

7.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 félagsmönnum, formanni og 2 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 2 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

8.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.

9. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins

10. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með auknum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til sýslumannsins á Vestfjörðun og skal hann varðveita eignir þess þangað til annað félag verður stofnað með sama tilgang og skulu þá eignir renna til þess félags.

Lög þessi voru samþykkt á **stofnfundi**

Dagsetning: **dd.mm.áááá.**

Stofnaðilar, nöfn og kennitölur.